

Reykjavík, 14. júní 2013

Niðurstöður athugunar á eftirliti með peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Íslandsbanka hf.

Hinn 7. janúar 2013 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið vettvangsathugun hjá Íslandsbanka hf. Athugunin beindist að tilteknum þáttum er varða eftirlit Íslandsbanka með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. lög nr. 64/2006. Í athuguninni var lögð sérstök áhersla á áreiðanleikakannanir Íslandsbanka við upphaf viðskipta sem og viðvarandi eftirlit með lögaðilum.

Niðurstöður vettvangsathugunarinnar eru byggðar á gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og stöðunni eins og hún var á þeim tíma sem athugunin fór fram. Í samræmi við 9. gr. a. laga nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið hér með opinberlega niðurstöður nefndrar athugunar.

Helstu niðurstöður úr þeim úrtökum sem Fjármálaeftirlitið skoðaði voru þær að ekki væri staðið með fullnægjandi hætti að öflun upplýsinga um raunverulegan eiganda. Úttekt Fjármálaeftirlitsins tók m.a. til upphaflegrar áreiðanleikakönnunar á tíu lögaðilum. Af þeim tíu gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að öflun upplýsinga um raunverulegan eiganda hefði ekki verið fullnægjandi í sex tilvikum. Íslandsbanki hefur brugðist við kröfum Fjármálaeftirlitsins um úrbætur vegna umræddra lögaðila.

Fjármálaeftirlitið kannaði reglubundið eftirlit með þeim lögaðilum sem úttektin tók til og var sérstaklega skoðað hvort upplýsingar bankans um stjórnarmenn og prókúruhafa væru í samræmi við gildandi skráningu þeirra lögaðila sem úttektin tók til. Slíkt reglubundið eftirlit var, í þeim úrtökum sem athugunin tók til, í góðu horfi hjá Íslandsbanka.

Í ljósi athugasemda vegna öflunar upplýsinga um raunverulegan eiganda fór Fjármálaeftirlitið fram á að starfsmenn bankans væru upplýstir enn frekar um þá skyldu sem hvílir á bankanum við að afla slíkra upplýsinga. Þá gerði Fjármálaeftirlitið þá kröfu að Íslandsbanki yfirfæri ferla og eftirfylgni með því að starfsmenn öfluðu fullnægjandi gagna við upphaflega könnun á áreiðanleika til samræmis við 2. mgr. 5. gr. sbr. 4. tl. 3. gr. laga nr. 64/2006.